

Í Kátakoti er:

- Frjáls leikur
- Föndur
- Heimilislegt andrúmsloft
- Hvíld
- Síðdegishressing
- Spil
- Sveigjanleg þjónusta
- Tómstundir
- Útivera

Mjög mikilvægt er að foreldrar láti vita ef breyting verður á viðveru barna í Kátakoti frá degi til dags.



Kátakot

er til húsa bak við Hafnarskóla.
Auðveldasta aðkoman að húsinu er frá
Bogaslóðinni.

Starfsmenn Kátakots eru **Heiður Sigurðardóttir, Katrín Lilja Haraldsdóttir, Elín Magnúsdóttir og Dragoljub Nikoletic.**

Beinn sími í Kátakot er
470 8448 / 866 2607 (Heiður)

Nánari upplýsingar og skráning í
Grunnskólanum í síma 470 8400 eða 470
8448. Umsóknareyðublöð má finna á
heimasíðu skólans á slóðinni:
[http://gs.hornafjordur.is/media/vor-2017/
lengd_vidv_umsokn--1-.pdf](http://gs.hornafjordur.is/media/vor-2017/lengd_vidv_umsokn--1-.pdf)

Kátakot



**Frístund
fyrir nemendur
í 1.- 4. bekk.**

**Opnunartími
13:10 - 16:00
alla virka daga á
skóladögum
nemenda.**



Grunnskóli Hornafjarðar

Dagur í Kátakoti

Í Kátakoti er ýmislegt gert sér til skemmtunar. Fyrst og fremst er lögð áhersla á að öllum líði vel og að viðmótið sé afslappað og heimilislegt.

Eftir langan og oft strangan vinnudag er mikilvægt að börnin fái leiktíma þar sem þau skipuleggja tíma sinn að mestu sjálf í gegnum val á verkefnum en starfsmenn sjá um að hafa alltaf spennandi valkosti í boði.

Börnunum gefst alltaf kostur á útiveru og er aðstaða til útileikja góð. Við skólann er aparóla, kastali og fleiri leiktæki ásamt svæðum þar sem hægt er að fara í allskonar boltaleiki. Innandyra geta börnin valið um fjölbreytt viðfangsefni í leik og starfi.

Starfsmenn standa reglulega fyrir spennandi uppkomum s.s. heimsóknum á áhuga-verða staði, gönguferðum, útileikjum, hinum sívinsælu útinstístímum o.fl.

Í Kátakoti gilda sömu samskiptareglur og í skólanum. Við erum góð hvert við annað, berum virðingu hvert fyrir öðru og leyfum öllum að vera með.

Ef eitthvað kemur upp á hjá barni hafa starfsmenn



Á meðan börnin eru í Kátakoti geta þau sótt tíma í íþróttahúsi, sundlaug og tónskóla en fara þá ein á milli húsa.

Mikilvægt er að foreldrar láti starfsmenn Kátakots vita í hvaða tímstundir barnið á að fara og láti vita þegar-breytingar eiga sér stað.

Gjaldskrá

Verð til 31. júlí 2019

1 dagur í viku	kr. 2.181
2 dagar í viku	kr. 4.256
3 dagar í viku	kr. 6.230
4 dagar í viku	kr. 8.098
5 dagar í viku	kr. 9.863

Verðið miðast við fjölda daga í hverjum mánuði, það er bundið vísitölu og er uppreiknað 1. ágúst ár hvert.

Síðdegishressing **115 kr. á dag** er ekki innifalin í gjaldskrá.

Systkinaafsláttur fyrir annað barn er 50% og 100% afsláttur fyrir þriðja barn. Afslátturinn gildir milli skólastiga þannig að foreldrar sem eiga börn á leikskóla fá afslátt í Kátakoti.

Ef breyta á vistun skal það gert fyrir 20. hvers mánaðar.

